

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi



Dags eftirlits	19.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Jónasdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Daniel M.R. Fernandes	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tvö frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. 2) Öryggisblöð eru einungis aðgengileg við inngang í stöðina en hvorki þar sem efni eru geymd né þar sem þau eru notuð. Ein ábending var gerð um að kanna þarf hvaða möguleikar eru á að draga úr losun fosfórs frá rekstrinum. Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

### UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Stolt Sea Farm hf.

Fiskeldisstöð Stolt Sea Farm er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 22. júní 2012, breytt þann 23. júní 2021 og gildi til 1. júlí 2024. Rekstraraðili óskaði eftir framlengingu á starfsleyfi sem var samþykkt þann 10. júní 2024 og gildir því starfsleyfið þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út, en þó ekki lengur en til 1. júlí 2025.

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 2.000 tonn á ári af senegalflúru og gullinrafa. Þegar eftirlitið fór fram var einungis alin senegalflúra í stöðinni.

Eftirlitsaðili mætti í vettvangsheimsókn þann 19. september en rafrænn fundur, þar sem farið var yfir gögn og skráningar, var haldinn þann 23. september. Viðstaddur vettvangsheimsóknina fyrir hönd rekstraraðila var Daniel M. R. Fernandes en viðstödd rafræna fundinn auk Daniels, var Bryndís Jónasdóttir.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Rekstraraðili reiknar með að senda á næstunni áhrifamat á vatnshlotið sem rekstraraðili losar í, til Umhverfisstofnunar. Þá verður hægt að auglýsa tillögu að nýju starfsleyfi.

Rætt var í eftirlitinu að skv. nýju starfsleyfi verður leyfileg losun á fosfór talsvert minni en í hinu eldra. Rekstraraðila er bent á að gera ráðstafanir til að draga úr losun fosfórs frá rekstrinum.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Sýni voru tekin úr frárennslisvatni rekstraraðila þann 17. janúar 2023 sem er skv. kröfum í starfsleyfi, en sýni á að taka á þriggja ára fresti. Niðurstöður frárennslismælinganna benda til þess að losun fosfórs sé um 6 kg/framleitt tonn. Þær niðurstöður eru ekki í samræmi við útreikninga á losun fosfórs út frá fóðurmagni sem gefið var í stöðinni og framleiðslu, en niðurstöður þeirra eru að losunin sé um 16 kg P/framleitt tonn. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi er heimilt að losa 20 kg P/framleitt tonn en þau mörk verða lækkuð töluvert í nýju leyfi rekstraraðila.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 26. apríl 2023.

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2022 var skilað þann 28. apríl 2023.

Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 30. apríl 2024.

Frestur til að skila grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi er til 1. maí ár hvert og eru því ekki gerðar athugasemdir við skilin.

Rekstraraðili skal skv. gr. 3.4 í starfsleyfi skila ársyfirliti. Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma og er það frávik frá starfsleyfi. Ársyfirliti var skilað þann 7. október sl. og er frávikinu því lokað.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

#### 4. Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Þær áætlanir sem krafa er um skv. starfsleyfi eru til staðar. Rekstraraðila er þó bent á að uppfæra og endurskoða þarf vöktunaráætlun þar sem sú áætlun sem nú er í gildi er síðan árið 2020. Við endurskoðunina þarf m.a. að taka tillit til krafna sem koma fram í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Rekstraraðili er með gilda tryggingu skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og var skírteini því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

#### 5. Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

#### 6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Í eftirliti árið 2023 var gerð ábending um að öryggisblöð hafi aðeins verið aðgengileg við inngang í stöðina. Þar sem ekki hefur verið brugðist við og talsvert langt er frá innganginum að þeim stöðum þar sem efni eru notuð og geymd er skráð frávik vegna þessa og gerð krafa um að öryggisblöð séu til staðar þar sem efni eru geymd og notuð, sé þess nokkur kostur, eða þau séu aðgengileg öllu starfsfólki rafrænt í gegnum síma.

Frárennsli frá stöðinni liggur í stökk og sameinast frárennsli Reykjanesvirkjunar áður en það er losað í grýtta fjöru. Gengið var að útrásinni og var þar talsverður gróðurvöxtur sem greinilega má rekja til þess vatns sem losað er í fjöruna. Eftirlitsaðili fer fram á að fá sendar niðurstöður vöktunar á „dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka og vistfræðilegar afleiðingar hennar“ sbr. gr. 5.1 í starfsleyfi.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Gr. 3.4 í starfsleyfi

Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma. Ársyfirliti var skilað þann 7. október sl. og er frávikin því lokað.

Gr. 2.11 í starfsleyfi

Öryggisblöð eru hvorki til staðar þar sem efni eru notuð né geymd.


#### ÁBENDINGAR

Gera þarf ráðstafanir til að draga úr losun fosfórs frá rekstrinum því leyfileg losun kemur til með að minnka talsvert þegar nýtt starfsleyfi verður gefið út.

Reykjavík, 22.10.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Freyr Evarsson